



## Fundur í Fræðslunefnd

**22. fundur Fræðslunefndar Langanesbyggðar haldinn í Menntasetrinu á Þórshöfn þriðjudaginn 18. október 2016 og hófst kl 14:00.**

**Mætt voru:** Gréta Bergrún Jóhannesdóttir, Stefán Benjamínsson, Svala Sævarsdóttir, Kristinn Lárusson og Hildur Stefánsdóttir sem ritaði fundargerð.

Formaður setti fundinn, bauð fundarmenn velkomna og spurði hvort gerð væri athugasemd við fundarboð. Svo var ekki.

Dagskrá:

### 1. Kosning varaformanns nefndarinnar.

Kristinn Lárusson biðst undan kosningu. Stefán Benjamínsson kosinn í embættið með meirihluta atkvæða.

### 2. Kosning ritara nefndarinnar.

Hildur Stefánsson gefur kost á sér áfram og það samþykkt samhljóða.

### 3. Skóladagatal Grunnskólans á Þórshöfn 2016-2017 – Breytingar

Samþykkt samhljóða.

María Guðmundsdóttir skólastjóri og Klara Sigurðardóttir kennari koma á fundinn kl. 15:30.

### 4. Skýrsla skólastjóra Grunnskólans á Bakkafirði

Nemendur í grunnskólanum eru 7 og 3 börn í leikskólanum. Nemendur koma tvo daga vikunnar til Þórshafnar en starfsfólki finnst erfitt að halda uppi góðum skólamóral og festu í skólastarfinu með þessu flakki á milli.

Borist hefur umsókn um kennarastarf í tungumálakennslu 6 stundir á viku frá aðila sem er búsettur á Bakkafirði.

Nemendur hafa tekið þátt í félagsstarfi með jafnöldrum sínum á Þórshöfn sem og í uppbrotsstarfi í skólanum s.s. fjölgreindarleikum, skólakynningu og grunnskólamóti.

María óskar eftir því að breytt verði aftur fyrirkomulaginu þannig að nemendur komi einungis á þriðjudögum til Þórshafnar.

### 5. Innsend erindi

Innsend erindi rædd.

### 6. Önnur mál

Næsti fundur áætlaður 1. nóvember kl. 15:00.

Fundargerð lesin upp og samþykkt samhljóða

Fundi slitið kl. 17:20.